

# ÁRSSKÝRSLA SÝSLUMANNA

## 2017 OG 2018



**Ársskýrsla embætta sýslumanna 2017 og 2018**

Útgefandi: Sýslumannaráð

Ritstjórn: Sýslumannaráð

Ritstjóri: Lára Huld Guðjónsdóttir

Ritið er aðeins gefið út á rafrænu formi og birt á vefnum [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Útgefið í desember 2019.

## EFNISYFIRLIT

|                                                 |    |
|-------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                 | 5  |
| Embætti sýslumanna .....                        | 7  |
| Umdæmi og íbúafjöldi .....                      | 7  |
| Starfsfólk og starfsstöðvar .....               | 8  |
| Tækifæri á vettvangi sýslumannsembættanna ..... | 9  |
| Fjármál .....                                   | 10 |
| Verkefni og tölulegar upplýsingar .....         | 13 |
| Fjölskyldumál .....                             | 14 |
| Dánarbúsmál .....                               | 16 |
| Fullnustumál .....                              | 17 |
| Lögráðamál .....                                | 19 |
| Þinglýsingar, staðfestingar og skráningar ..... | 20 |
| Leyfi og Skírteini .....                        | 21 |
| Atkvæðagreiðslur utan kjörfundar .....          | 24 |

## Viðaukar:

|                                                                                |    |
|--------------------------------------------------------------------------------|----|
| Viðauki I – Fjárhagur embætta sýslumanna .....                                 | 26 |
| Viðauki II – Tölulegar upplýsingar um verkefni sýslumanna eftir embættum ..... | 31 |
| Fjölskyldumál .....                                                            | 31 |
| Dánarbúsmál .....                                                              | 35 |
| Fullnustumál .....                                                             | 36 |
| Lögráðamál .....                                                               | 39 |
| Þinglýsingar, staðfestingar og skráningar .....                                | 40 |
| Leyfi og skírteini .....                                                       | 41 |
| Viðauki III - Sérverkefni sýslumanna og tölulegar upplýsingar .....            | 43 |
| Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu .....                                       | 43 |
| Sýslumaðurinn á Vesturlandi .....                                              | 48 |
| Sýslumaðurinn á Vestfjörðum .....                                              | 50 |
| Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra .....                                       | 51 |
| Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra .....                                       | 54 |
| Sýslumaðurinn á Austurlandi .....                                              | 57 |
| Sýslumaðurinn á Suðurlandi .....                                               | 59 |
| Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum .....                                           | 62 |
| Sýslumaðurinn á Suðurnesjum .....                                              | 63 |

## Myndir:

|                                                                              |    |
|------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Umdæmamörk embætta sýslumanna.....                                   | 7  |
| Mynd 2. Skipting rekstrarkostnaðar .....                                     | 11 |
| Mynd 3. Hlutfall launakostnaðar af fjárheimildum ársins.....                 | 11 |
| Mynd 4. Fjöldi nýrra og lokinna fjölskyldumála. ....                         | 14 |
| Mynd 5. Fjöldi mála vegna umgengni, dagsektar og utanlandsferðar barns. .... | 15 |
| Mynd 6. Hjónavígslumál. ....                                                 | 15 |
| Mynd 7. Fjöldi nýskráðra og lokinna dánarbúsmála. ....                       | 16 |
| Mynd 8. Yfirlit yfir málalok í dánarbúsmálum.....                            | 16 |
| Mynd 9. Fjöldi nýrra nauðungarsölubeiðna.....                                | 17 |
| Mynd 10. Fjöldi seldra eigna – lokið með afsali.....                         | 17 |
| Mynd 11. Fjöldi fjárnámsbeiðna og fjárnámsgerða.....                         | 18 |
| Mynd 12. Andlag fjárnáms. ....                                               | 18 |
| Mynd 13. Ný lögráðamál .....                                                 | 19 |
| Mynd 14. móttækin og þinglýst skjöl.....                                     | 20 |
| Mynd 15. Fjöldi lögbókandagerða. ....                                        | 20 |
| Mynd 16. Útgefin rekstrar- og tækifærisleyfi skv. lögum nr. 85/2007.....     | 21 |
| Mynd 17. Umsóknir um vegabréf.....                                           | 22 |
| Mynd 18. Útgefin ökuskírteini. ....                                          | 22 |
| Mynd 19. útgefin P-kort. ....                                                | 23 |
| Mynd 20. Alþingiskosningar 2017.....                                         | 24 |
| Mynd 21. Sveitarstjórnarkosningar 2018 .....                                 | 24 |

## Töflur:

|                                                                           |    |
|---------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1. Íbúafjöldi embætta sýslumanna. ....                              | 8  |
| Tafla 2. Fjöldi stöðugilda og starfsstöðva. ....                          | 8  |
| Tafla 3. Samtölur rekstrarkostnaðar og fjárheimilda. ....                 | 10 |
| Tafla 4. Innheimta erfðafjárskatts, stimpilgjalda og þjónustugjalda. .... | 12 |

# INNGANGUR

Þriggja manna nefnd sýslumanna er lögbundinn samstarfsvettvangur sem á sér stoð í 6. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Á aðalfundi Sýslumannafélags Íslands í október 2016 voru þau Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður á Vesturlandi, Lára Huld Guðjónsdóttir, sýslumaður í Vestmannaeyjum og Bjarni Stefánsson, sýslumaður á Norðurlandi vestra kjörin í nefndina og skiptu þau með sér verkum á þá leið að Ólafur gegndi formennsku, Lára Huld varð ritari og Bjarni meðstjórnandi.

Í áður nefndu ákvæði segir um hlutverk nefndarinnar:

„a. að vinna með ráðuneytinu að stefnumótun fyrir sýslumannsembættin í heild og gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum sýslumanna eða löggjöf sem um verkefni þeirra gildir,

b. að vinna að sameiginlegum verkefnum sýslumanna, svo sem útgáfu ársskýrslu fyrir embættin í heild, að vera til ráðgjafar um þróun starfs- og upplýsingakerfa embættanna, að annast sameiginlega vefsíðu embættanna og að stuðla að símenntun og þjálfun starfsmanna þeirra.

Nefndinni er heimilt að fela sýslumanni framkvæmd einstakra verkefna undir yfirstjórn hennar.“

Heitið „þriggja manna nefnd“ þótti nokkuð óþjálmt og var samþykkt á aðalfundi Sýslumannafélags Íslands í október 2017 að framvegis skyldi nefndin kallast *sýslumannaráð*.

Í kjölfar sameiningar embættanna úr 26 í níu þann 1. janúar 2015 glímdu embættin við mikinn rekstrarvanda, sem gerð voru skil í ársskýrslu fyrir starfsárin 2015 og 2016. Starf sýslumannaráðs árin 2017 og 2018 sneri að mestu að því að greina vandann og leitast við að finna lausnir í góðu samstarfi við ráðuneytið; fyrst innanríkisráðuneyti og síðar dómsmálaráðuneyti. Í upphafi árs 2017 var ráðinn til starfa framkvæmdastjóri sýslumannaráðs, Sigurður Sigurðarson og gegndi hann starfinu til ársloka 2017. Sýslumannaráð og framkvæmdastjóri störfuðu náið með Kristjáni Einarssyni, ráðgjafa hjá Intellecta og í maí 2017 leit dagsins ljós skýrslan *Sýslumenn – Greining á núverandi skipulagi sýslumannsembættanna, rekstri og samlegðartækifærum*.

Í skýrslunni var m.a. lögð áhersla á rafræna afgreiðslu mála, að skapa miðlægar stoðeiningar embættanna, s.s. bókhald og þjónustuver, flutning verkefna til styrkingar minni embættum og samnýtingu á þjónustustöðvum með öðrum opinberum aðilum þar sem það væri talið nauðsynlegt. Skýrslan var lögð fyrir dómsmálaráðuneytið og þóttu koma fram gagnlegar ábendingar um tilhögun verkefna á embættunum, sem nýtast munu sem gott veganesti í áframhaldandi vinnu sýslumanna og ráðuneytis við að koma embættunum í viðunandi rekstrarhorf ásamt því að bæta þjónustu þeirra.

Breytingar urðu á skipan sýslumannaráðs á aðalfundi Sýslumannafélags Íslands sem haldinn var að Laugarbakka í Miðfirði í október 2017, en þá voru auk Ólafs K. Ólafssonar kjörnar þær Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum og Kristín Þórðardóttir, þá settur sýslumaður á Suðurlandi. Áfram var tekist á við rekstrarvandann auk annarra verkefna sem helst sneru að

upplýsingatæknimálum embættanna. Ríkisendurskoðun hóf úttekt á sameiningu embættanna og lauk henni með skýrslu á vordögum 2019.

Þegar þessi orð eru rituð eru vísbendingar um að hagur embættanna kunni fremur að vænkast, einkum í ljósi 150 mkr. varanlegrar aukningar á rekstrarfé embættanna sem samþykkt var í fjárlaganefnd sumarið 2019. Við skiptingu fjármunanna hefur fjárlaganefnd mælt fyrir um að leitast verði við að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla, rekstrarfé embættanna verði aukið og síðast en ekki síst að fjárfest verði til framtíðar við uppbyggingu aukinnar stafrænnar þjónustu.

Gríðarleg tækifæri eru í því fólgin fyrir embættin að efla stafræna þjónustu sína. Rafrænar þinglýsingar, rafræn sending erinda og rafræn stofnun mála eru í burðarliðnum. Við slíka tækniþróun er mikilvægt að standa vörð um hina mikilvægu leiðbeiningarskyldu embættanna. Í hinum stafræna heimi má ekki gleyma mannlega þættinum. Leiðbeiningar til borgaranna, leiðsögn til að fóta sig leiðina til sátta fremur en sundrunar og deilna verður aldrei ofmetin. Slíkt er án nokkurs vafa til þess fallið að skila samfélagslegum ávinningi, bæði þegar litið er til einstaklinganna sem leiðsagnar þarfnast um stjórnsýsluna sem og þess ávinnings sem hlýst af fyrir önnur hryggjarstykki í opinberri þjónustu og rekstri.

Selfossi, 20. desember 2019

Kristín Þórðardóttir, formaður sýslumannaráðs.

# EMBÆTTI SÝSLUMANNA

## UMDÆMI OG ÍBÚAFJÖLDI

Samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði nr. 50/2014 skiptist landið í nýu umdæmi sýslumanna sem eru:

1. Umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.
2. Umdæmi Sýslumannsins á Vesturlandi.
3. Umdæmi Sýslumannsins á Vestfjörðum.
4. Umdæmi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra.
5. Umdæmi Sýslumannsins á Norðurlandi eystra.
6. Umdæmi Sýslumannsins á Austurlandi.
7. Umdæmi Sýslumannsins á Suðurlandi.
8. Umdæmi Sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
9. Umdæmi Sýslumannsins á Suðurnesjum.

Umdæmamörk sýslumannsembætta eru ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu. Ákvæði um umdæmi, skrifstofur og útibú sýslumanna er að finna í reglugerð nr. 1151/2014, um umdæmi sýslumanna, með síðari breytingum.

MYND 1. UMDÆMAMÖRK EMBÆTTA SÝSLUMANNA



Hér að neðan má sjá þróun íbúafjölda innan hvers sýslumannsembættis undanfarin fimm ár eða frá því núverandi embætti sýslumanna tóku til starfa. Íbúafjöldi hefur aukist í öllum umdæmum en hlutfallslega hefur mesta fólksfjölgunin orðið á Suðurnesjum, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu.

**TAFLA 1. ÍBÚAFJÖLDI EMBÆTTA SÝSLUMANNA.**

| Íbúafjöldi        | 1.1.2015       | 1.1.2016       | 1.1.2017       | 1.1.2018       | 1.1.2019       |
|-------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Höfuðborgarsvæðið | 211.282        | 213.619        | 216.878        | 222.484        | 228.231        |
| Vesturland        | 15.566         | 15.766         | 15.929         | 16.257         | 16.507         |
| Vestfirðir        | 6.970          | 6.883          | 6.870          | 6.994          | 7.063          |
| Norðurland vestra | 7.137          | 7.128          | 7.156          | 7.195          | 7.227          |
| Norðurland eystra | 29.257         | 29.361         | 29.685         | 30.453         | 30.445         |
| Austurland        | 10.346         | 10.281         | 10.310         | 10.485         | 10.670         |
| Suðurland         | 22.244         | 22.700         | 23.236         | 24.528         | 25.434         |
| Vestmannaeyjar    | 4.272          | 4.282          | 4.292          | 4.284          | 4.301          |
| Suðurnes          | 22.026         | 22.509         | 23.993         | 25.770         | 27.113         |
| <b>Samtals</b>    | <b>329.100</b> | <b>332.529</b> | <b>338.349</b> | <b>348.450</b> | <b>356.991</b> |

## STARFSFÓLK OG STARFSSTÖÐVAR

Fjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna í árslok 2018 var samtals 236,9. Þar af voru stöðugildi lögfræðinga 53 og stöðugildi annarra sérfræðinga og skrifstofufólks 183,9.

Um landið allt eru alls 26 starfsstöðvar sem skiptast í níu aðalskrifstofur, níu aðrar sýsluskrifstofur sem einnig veita fulla þjónustu og átta útibú sem veita lágmarkspjónustu. Umdæmi sýslumanna eru misstór og samanstanda af sex víðfeðmum og nokkuð dreifbýlum umdæmum (Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland) og þremur sem eru að mestu staðbundin (höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Vestmannaeyjar).

**TAFLA 2. FJÖLDI STÖÐUGILDA OG STARFSSTÖÐVA.**

| Embætti sýslumanna 31.12.2018      | Stöðugildi   | Starfsstöðvar |
|------------------------------------|--------------|---------------|
| Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | 92,6         | 1             |
| Sýslumaðurinn á Vesturlandi        | 14,6         | 5             |
| Sýslumaðurinn á Vestfjörðum        | 18,3         | 3             |
| Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra | 22,1         | 2             |
| Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra | 23,95        | 4             |
| Sýslumaðurinn á Austurlandi        | 14,3         | 4             |
| Sýslumaðurinn á Suðurlandi         | 24,75        | 4             |
| Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum     | 6,6          | 1             |
| Sýslumaðurinn á Suðurnesjum        | 19,7         | 2             |
| <b>Samtals</b>                     | <b>236,9</b> | <b>26</b>     |



# TÆKIFÆRI Á VETTVANGI SÝSLUMANNSEMBÆTTANNA

Frá sýslumannaráði:

Mikilvægt er að stjórnvöld séu upplýst um þau tækifæri sem fólgin eru í tilvist sýslumannsembættanna, áreiðanlegum innviðum og því trausti sem mælingar sýna að embættin njóta.

Nefna mætti fjölmörg tækifæri enda gefur tilvist tuga sérverkefna sem vistuð hafa verið hjá embættunum á liðnum áratug skýra vísbendingu um jákvæða þróun að þessu leyti. Eitt helsta tækifærið sem enn hefur ekki hlotið nægilega athygli byggir á markvissari beitingu sáttamiðlunar þegar ágreiningur ber að höndum. Hér er um ræða úrræði til fyllingar hefðbundinni stjórnsýsluframkvæmd og dómsmeðferð. Þrátt fyrir grósku og hraða þróun erlendis hefur sáttamiðlun enn ekki rutt sér til rúms á Íslandi að heita má. Þó er hægt að bera kennsl á verulegan árangur og jákvæð áhrif af sáttameðferð sýslumanna í málefnum barna, t.d. með fjölgun satta og hækkandi sáttahlutfalls sem sjálfkrafa leiðir til færri dómsmála. Óhætt er draga þá ályktun að sú reynsla hafi ekki aðeins stuðlað að jákvæðum áhrifum fyrir málsaðila heldur sé hún einnig til þess fallin að hafa jákvæð áhrif fyrir íslenskt samfélag og ríkissjóð.

Er þetta í góðu samræmi við alþjóðlega reynslu og rannsóknir sem staðfesta jákvæða upplifun aðila, styttri málsmeðferðartíma og margþætt jákvæð áhrif á samfélag, einstaklinga og opinberan rekstur en hefur einnig stuðlað að auknum tækifærum á einkamarkaði.

Löggjafinn hefur fyrir margt löngu lagt grunn að tækifærum til almennrar sáttameðferðar á vettvangi sýslumannsembættanna og lýst í 107. gr. laga nr. 91/1991. Gildir sú lagaheimild áður en mál er höfðað en einnig skv. tilvísun dómara eftir málshöfðun. Löggjafarviljinn að þessu leyti er skýr en bíður þess að framsýnir fulltrúar framkvæmdavaldsins virki hann og veki.

Í sýslumannaráði sitja:

Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi, formaður

Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra, ritari og

Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu, meðstjórnandi.

# FJÁRMÁL

## Rekstur

Tafla 3 sýnir samtölur rekstrarkostnaðar og fjárheimilda allra sýslumannsembættanna. Þrátt fyrir mikið aðhald og ýtrustu sparnaðaraðgerðir allt frá sameiningu árið 2015 hafa fjárheimildir ekki dugað fyrir árlegum rekstrarkostnaði. Á árinu 2018 reyndist þó samanlagður rekstrarkostnaður allra embættanna í fyrsta skipti frá sameiningu embættanna rúmast innan samanlagðra fjárveitinga, þrátt fyrir hallarekstur tveggja embætta en þau voru sex á árinu 2017. Því hefur af augljósum ástæðum gengið erfiðlega að vinna á uppsöfnuðum halla. Það skal tekið fram að hér að neðan eru birtar samanlagðar tölur fyrir öll embættin en í viðauka I má sjá sundurliðaðan rekstrarkostnað, fjárheimildir og rekstarstöðu hvers embættis.


TAFLA 3. SAMTÖLUR REKSTRARKOSTNAÐAR OG FJÁRHEIMILDA.

| Allir sýslumenn                    |                      |                      |                      |
|------------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| <i>Rekstur</i>                     | 2016                 | 2017                 | 2018                 |
| <i>Launakostnaður</i>              | 2.143.023.797        | 2.240.139.590        | 2.234.876.803        |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>           | 180.972.166          | 206.626.299          | 206.070.672          |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>         | 379.528.329          | 291.028.640          | 287.449.678          |
| <b><i>Gjöld samtals</i></b>        | <b>2.703.524.292</b> | <b>2.737.794.527</b> | <b>2.728.397.153</b> |
| <i>Sértekjur</i>                   | -104.360.379         | -62.577.500          | -79.630.945          |
| <i>Aðrar tekjur*</i>               | 0                    | -31.633.533          | -36.673.625          |
| <b><i>Gjöld umfram tekjur</i></b>  | <b>2.595.787.726</b> | <b>2.643.583.493</b> | <b>2.612.092.583</b> |
| <i>Framlag úr ríkissjóði</i>       | 2.174.500.000        | 2.174.500.000        | 2.684.079.390        |
| <b><i>Hagnaður/-tap ársins</i></b> | <b>-207.787.726</b>  | <b>-52.557.176</b>   | <b>72.701.692</b>    |
| <i>Fjárlög</i>                     | 2.166.700.000        | 2.444.700.001        | 2.525.700.000        |
| <i>Aukafjárlög</i>                 | -18.000.000          | 18.066.798           | 36.800.000           |
| <i>Millifærðar fjárheimildir</i>   | 156.500.000          | 129.531.062          | 100.264.254          |
| <b><i>Fjárheimild ársins</i></b>   | <b>2.261.200.000</b> | <b>2.605.886.677</b> | <b>2.675.984.226</b> |
| <i>Flutt frá fyrra ári</i>         | -62.337.816          | -257.536.074         | -277.761.703         |
| <b><i>Fjárheimild samtals</i></b>  | <b>2.325.662.184</b> | <b>2.358.846.864</b> | <b>2.398.222.523</b> |

\*Sýslumaðurinn á Suðurlandi vegna útgáfu Lögbirtingablaðsins og færslu bókhalds fyrir fjögur íslensk sendiráð.


Á mynd 2 sést hvernig samanlagður rekstrarkostnaður embætta sýslumanna skiptist í launakostnað, húsnæðiskostnað og önnur rekstrargjöld. Hlutfall launakostnaðar árin 2017 og 2018 er komið upp í 82% af heildarkostnaði sem þýðir að lítið sem ekkert svigrúm er fyrir frekari hagræðingu í rekstri nema þá með enn meiri fækkun starfsfólks og/eða starfsstöðva en slíkar aðgerðir munu án efa bitna á þjónustustigi embættanna.

MYND 2. SKIPTING REKSTRARKOSTNAÐAR



Á mynd 3 má sjá hvað launakostnaður embættanna er stórt hlutfall af heildarfjárheimildum ársins (án tillits til uppsafnaðs rekstrarhalla). Starfsfólki hefur fækkað nokkuð undanfarin ár vegna sparnaðaraðgerða innan embættanna, fyrst og fremst með því að ekki var ráðið í stöður sem losnuðu, þar sem slíkt var mögulegt og í einstaka tilfellum einnig með beinum uppsögnum. Færri stöðugildi hafa því áhrif til lækkunar á heildarlaunakostnaði 2017 og 2018.

MYND 3. HLUTFALL LAUNAKOSTNAÐAR AF FJÁRHEIMILDUM ÁRSINS.



## Innheimta skatta og þjónustugjalda

Sýslumenn hafa með höndum innheimtu margvíslegra skatta og gjalda sem renna í ríkissjóð. Allir sýslumenn innheimta erfðafjárskatt, stimpilgjöld og ýmis þjónustugjöld skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 sem verða til í starfsemi sýslumanna. Þjónustugjöld eru m.a. þinglýsingargjöld, gjöld vegna leyfisveitinga, aðfarargerða, nauðungarsölubeiðna, lögbókandagerða, skilnaðar- og sambúðarslitamála, skiptagjöld (vegna dánarbússkipta), gjöld vegna útgáfu vottorða og skírteina o.fl.

Sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins eru að auki innheimtumenn ríkissjóðs og annast innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð hver í sínu umdæmi, sbr. 1. gr. laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.\*

\*Frá og með 1. janúar 2020 annast Skatturinn innheimtu opinberra gjalda í umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en fram að þeim tíma annaðist Tollstjóri og síðar Ríkisskattstjóri (frá og með 1. maí 2019) innheimtuna á höfuðborgarsvæðinu.

Í töflunni hér að neðan sjást þær fjárhæðir sem embættin innheimtu árin 2017 og 2018 í formi erfðafjárskatts, stimpilgjalda og þjónustugjalda.

**TAFLA 4. INNHEIMTA ERFDÁFJÁRSKATTS, STIMPILGJALDA OG ÞJÓNUSTUGJALDA.**

|                                  | 2017                  | 2018                  |
|----------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| <i>Erfðafjárskattur</i>          | 4.247.997.034         | 4.716.308.299         |
| <i>Stimpilgjöld</i>              | 4.859.420.635         | 5.263.900.700         |
| <i>Þjónustugjöld</i>             | 1.211.952.734         | 927.093.686           |
| <b><i>Samtals</i></b>            | <b>10.319.370.403</b> | <b>10.907.302.685</b> |
| <i>Fjárheimildir sýslumanna*</i> | 2.605.886.677         | 2.675.984.226         |

\*Fjárheimildir ársins, án tillits til uppsafnaðs rekstrarhalla.

## VERKEFNI OG TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Þeir fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Að auki fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Verkefni sýslumanna eru fjölmörg og margvísleg. Í núgildandi lagasafni Alþingis er getið um verkefni sýslumanna í 70 lagabálkum og heyra þau verkefni undir níu ráðuneyti og tíu ráðherra.

Í ársskýrslu þessari fyrir árin 2017 og 2018 er leitast við að lýsa starfsemi sýslumannsembættanna. Greint er frá helstu verkefnum, umfangi þeirra og framvindu. Þetta eru ekki tæmandi upplýsingar því starfsemin er fjölbætt og yfirgripsmikil og embættin mjög ólík innbyrðis hvað varðar stærð og uppbyggingu.

Sú tölfraði sem birtist í undirköflum hér á eftir er að mestu fengin beint úr starfskerfum sýslumanna. Í einstaka málaflokkum þar sem vantar starfskerfi þurfti þó að telja sérstaklega innan hvers embættis. Áreiðanleg tölfraði úr starfskerfunum byggist á því að skráning í kerfin sé samræmd á milli embættanna. Sýslumannaráð vinnur um þessar mundir að aukinni samræmingu málaskráningar og frekari þróun starfskerfanna til að auka áreiðanleika gagna og nýta betur þau tækifæri sem felast í starfskerfunum.


Tölfraðin hér á eftir á við um heildarmálafjölda allra embættanna sýslumanna á landsvísu nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í viðauka II er að finna ítarlegar tölfraðilegar upplýsingar um einstaka málaflokka, málategundir og málafjölda hvers embættis. Í viðauka III er síðan fjallað um þau fjölmörgu sérverkefni sem sýslumönnum hafa verið falin á undanförunum árum en þau eru alls vel á fjórða tuginn.

## FJÖLSKYLDUMÁL

Til fjölskyldumála teljast hjónaskilnaðir, hjónavígslur og könnun hjónavígsluskilyrða, mál vegna sambúðarslita, faðernis, forsjár, lögheimilis, meðlags, sérstaks framlags, menntunarframlags, umgengni og dagsekta og sáttameðferð skv. barnalögum.


Innkomnum fjölskyldumálum fjölgaði nokkuð árið 2017 eins og myndin hér að neðan sýnir. Almennt má segja að þunginn í meðferð fjölskyldumála og sáttameðferð og sérfræðiráðgjöf sem veitt er á grundvelli barnalaga hafi aukist undanfarin ár. Um mitt ár 2018 tóku átta embætti sýslumanna í notkun nýtt starfskerfi fyrir fjölskyldumál og það níunda tók kerfið í notkun um áramótin 2018/2019. Eldra starfskerfi taldi þau mál tvisvar sem framsend voru til frekari meðferðar hjá öðru embætti. Að jafnaði voru þetta rúmlega 100 mál á ári á landsvísu og kann þetta að hafa áhrif á málatalningu ársins 2018.

MYND 4. FJÖLDI NÝRRA OG LOKINNA FJÖLSKYLDUMÁLA.



Á mynd 5 hér að neðan má sjá samanlagðan fjölda þeirra mála sem komu til meðferðar hjá sýslumönnum vegna umgengni, dagsektar og krafna um úrskurð vegna utanlandsferðar barns. Efst er samanlagður fjöldi nýskráðra mála innan ársins í þessum þremur málategundum. Þá kemur samanlagður fjöldi úrskurða og síðan fjöldi mála þar sem samkomulag var eða komst á um umgengni. Að lokum sést samanlagður fjöldi lokinna mála innan ársins í þessum þremur málategundum. Eins og sést er hlutfall mála þar sem samkomulag var eða komst á um umgengni um tvöfalt hærra en samanlagður fjöldi þeirra mála þar sem þurfti að úrskurða um ágreining foreldra um umgengni, vegna kröfu um dagsektir eða vegna kröfu um úrskurð um utanlandsferð barns. Úrskurðum í ágreiningsmálum hefur farið fækkandi og sýnir það hversu góðum árangri sáttameðferð og sérfræðiráðgjöf er að skila þegar foreldrar eiga í ágreiningi sín á milli um þessi mál.


**MYND 5. FJÖLDI MÁLA VEGNA UMGENGNI, DAGSEKTA OG UTANLANDSFERÐAR BARN.**



\*Samanlagður fjöldi mála vegna umgengi, dagsekta og utanlandsferðar barns.

Hjónavígslumálum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Algengast er að bæði sé um að ræða könnun hjónavígsluskilyrða og hjónavígslu í sama málinu. Í ákveðnum hluta hjónavígslumála er þó eingöngu um að ræða könnun hjónavígsluskilyrða og útgáfu könnunarvottorðs í kjölfarið. Á það m.a. við í öllum þeim tilvikum þar sem annað eða bæði hjónaefna á ekki lögheimili á Íslandi þó vígsla fari fram hjá öðrum vígslumanni. Könnun hjónavígsluskilyrða og hjónavígslur erlendra ríkisborgara sem koma gagnert til landsins til að ganga í hjónaband hafa færest mikið í vöxt síðastliðin ár. Mjög fátítt er að synjað sé um hjónavígslu eða útgáfu könnunarvottorðs en slíkar synjanir hafa verið á bilinu tvær til átta undanfarin ár.


**MYND 6. HJÓNAVÍGSLUMÁL.**



## DÁNARBÚSMÁL


Meðferð málaflokksins felst fyrst og fremst í móttöku andlátstilkynninga, leiðbeiningum til erfingja, veitingu leyfa til einkaskipta og setu í óskiptu búi, staðfestingu einkaskipta erfingja á dánarbúi, auk álagningu og innheimtu erfðafjárskatts vegna einkaskipta og fyrirframgreiðslu arfs.

MYND 7. FJÖLDI NÝSKRÁÐRA OG LOKINNA DÁNARBÚSMÁLA.



Hér að neðan má sjá hver voru algengustu málalok í dánarbúsmálum. Um helmingi allra mála er lokið með staðfestingu sýslumanns á einkaskiptum erfingja. Leyfi til setu eftirlifandi maka í óskiptu búi er gefið út í ríflega fjórðungi mála. Önnur málalok eru m.a. eignalaus dánarbú, opinber skipti o.fl.

MYND 8. YFIRLIT YFIR MÁLALOK Í DÁNARBÚSMÁLUM.






## FULLNUSTUMÁL

Þeir málaflokkar sem heyra hér undir eru nauðungarsölur, fjárnám, innsetningar, útburðir, kyrrsetningar, lögbann og löggeymsla. Í viðauka II er að finna ítarlega tölfræði fyrir alla málaflokkana eftir embættum.


Nýjum beiðnum um nauðungarsölu hefur fækkað talsvert eins og sést á mynd 9. Fjöldi nýrra beiðna árið 2018 fór niður í 4.508 en var 5.394 árið 2017. Ýmis merki hafa þó verið á lofti undanfarið um að þessi þróun kunni að vera að snúast við aftur að einhverju leyti. Þeim eignum sem seldar voru nauðungarsölu á sama tímabili hefur einnig fækkað.

MYND 9. FJÖLDI NÝRRRA NAUÐUNGARSÖLUBEIÐNA.




Á árinu 2015 runnu sitt skeið á enda lögbundnar heimildir sýslumanna til að verða við óskum um frestanir á nauðungarsölum á íbúðarhúsnæði þeirra gerðarpóla sem sótt höfðu um leiðréttingu fasteignaveðlána, síðast skv. lögum nr. 16/2015. Af þeim sökum voru óvenju margar fasteignir seldar nauðungarsölu á árinu 2015 og á fyrri helmingi ársins 2016 eftir að möguleikar gerðarpóla til að fá nauðungarsölu frestað höfðu verið tæmdir. Tölur yfir fjölda seldra fasteigna árin 2017 og 2018 og samanburð við árið 2016 þarf því að skoða með það í huga. Seldum ökutækjum hefur fjölgað á síðustu tveimur árum og voru 203 árið 2017 og 310 árið 2018.

MYND 10. FJÖLDI SELDRA EIGNA – LOKIÐ MEÐ AFSALI.




Innkomnum fjárnámsbeiðnum fækkaði lítillega á árunum 2017 og 2018 miðað við árið 2016. Árið 2017 voru innkomnar fjárnámsbeiðnir 22.275 og 2018 voru þær 21.674. Árið 2017 lauk meðferð 18.680 fjárnámsbeiðna með fjárnámsgerð en árið 2018 var fjöldi fjárnámsgerða 16.933. Ákveðinn hluti fjárnámsbeiðna er jafnan afturkallaður á fyrri stigum málsmeðferðar eða fellur niður af öðrum orsökum og skýrir það þann mun sem er á fjölda innkominna fjárnámsbeiðna og fjölda fjárnámsgerða.

**MYND 11. FJÖLDI FJÁRNÁMSBEIÐNA OG FJÁRNÁMSGERÐA.**



Þegar skoðað er með hvað hætti fjárnámsgerðum hefur lokið undanfarin ár sést að yfirgnæfandi meirihluta fjárnámsgerða eða um 84% lýkur með svokölluðu árangurslausu fjárnámi, þar sem gerðarþoli á þá ekki eignir sem gera má fjárnám í.

**MYND 12. ANDLAG FJÁRNÁMS.**




## LÖGRÁÐAMÁL

Sýslumenn eru yfirlögráðendur skv. lögræðislögum nr. 71/1997. Þeir hafa eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir. Þá skipa þeir þeim sem sviptir hafa verið lögræði lögráðamenn og hafa eftirlit með störfum þeirra. Yfirlögráðendur skipa einnig ráðsmenn og hafa eftirlit með störfum þeirra. Loks annast yfirlögráðendur nokkur önnur verkefni sem þeim eru falin í lögræðislögum og fleiri lögum.

Á mynd 13 sést fjöldi nýrra lögráðamála sem komu til meðferðar hjá sýslumönnum og skiptingu þeirra í málategundir.\* Árið 2017 voru ný lögráðamál sem komu til meðferðar hjá sýslumönnum samtals 513 en árið 2018 voru þau 435.

MYND 13. NÝ LÖGRÁÐAMÁL




\*Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast meðferð nauðungarvistunarmála á landsvísu.

## ÞINGLÝSINGAR, STAÐFESTINGAR OG SKRÁNINGAR


Á mynd 14 sést fjöldi þeirra skjala sem móttækin voru til þinglýsingar og fjöldi þinglýstra skjala. Ekki er hægt að þinglýsa öllum skjölum sem berast til þinglýsingar þar sem einhver hluti þeirra uppfyllir ekki kröfur þinglýsingalaga nr. 39/1978 og er þá vísað frá þinglýsingu. Þinglýsingarskjölum fjölgaði talsvert á árunum 2016 og 2017 miðað við árin þar á undan en fækkaði lítillega aftur árið 2018.

MYND 14. MÓTTEKIN OG ÞINGLÝST SKJÖL



Lögbókandagerðum fjölgaði í 7.518 árið 2018 úr 6.191 árið 2017.

MYND 15. FJÖLDI LÖGBÓKANDAGERÐA.




## LEYFI OG SKÍRTEINI

Helstu tegundir leyfa sem sýslumenn veita eru rekstrarleyfi veitinga- og gististaða, tækifærisleyfi, brennuleyfi, leyfi til framleiðslu, heildsölu og innflutnings áfengis, friðlýsing æðarvarps, happdrættisleyfi, iðnaðarleyfi, meistarabréf og leyfi til sölu notaðra ökutækja. Að auki er umsjón með útgáfu ýmissa annarra leyfa sérverkefni tiltekinna sýslumanna, sbr. ítarleg umfjöllun um sérverkefni sýslumanna í viðauka III.


Á mynd 16 sést fjöldi útgefinna leyfa skv. lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum. Tölur um fjölda skráninga heimagistingar er að finna í viðauka III en umsjón og eftirlit með skráningu heimagistingar er sérverkefni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Með lögum nr. 67/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017, voru m.a. gerðar þær breytingar á lögum nr. 85/2007 að ekki er lengur gefið út rekstrarleyfi fyrir gististaði í flokki I heldur er sú gisting skráð sem heimagisting. Jafnframt var felld úr gildi rekstrarleyfisskylda veitingastaða án áfengisveitinga og þurfa þeir veitingastaðir nú einungis starfsleyfi heilbrigðiseftirlits. Vegna þessara lagabreytinga urðu útgefin gisti- og veitingaleyfi árin 2017 og 2018 færri en ella. Jafnframt hefur færst í vöxt að umsóknum um gisti- og veitingaleyfi sé synjað vegna neikvæðra umsagna lögboðinna umsagnaraðila. Á þetta m.a. við um höfuðborgarsvæðið þar sem 182 umsóknum um gistileyfi var t.d. synjað á árunum 2017 og 2018 á meðan fjöldi útgefinna gistileyfa á sama tímabili var samtals 143. Tölur yfir útgefin rekstrarleyfi árin 2017 og 2018 þarf því að skoða með þetta í huga og segja tölurnar ekki alla söguna um umfang málaflokksins.

**MYND 16. ÚTGEFIN REKSTRAR- OG TÆKIFÆRISLEYFI SKV. LÖGUM NR. 85/2007.**




Sýslumenn annast umsóknir um vegabréf innanlands, sbr. 2. gr. laga nr. 136/1998 um vegabréf. Þann 1. mars 2013 var gildistími almennra vegabréfa fyrir 18 ára og eldri lengdur í tíu ár úr fimm árum. Almenn vegabréf fyrir 18 ára og eldri með fimm ára gildistíma voru því að koma til endurnýjunar allt til loka febrúar 2018 og skýrir það þessa miklu fækkun á útgefnum vegabréfum árið 2018. Á mynd 17 má sjá fjölda þeirra umsókna um vegabréf sem sýslumenn móttóku.

**MYND 17. UMSÓKNIR UM VEGABRÉF.**




Sýslumenn annast útgáfu ökuskrteina í umboði ríkislögreglustjóra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskrteini.

**MYND 18. ÚTGEFIN ÖKUSKRTEINI.**



Sýslumenn annast móttöku á umsóknum um P-kort (stæðiskort fyrir hreyfihamlaða) og annast útgáfu þeirra, sbr. reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan hefur fjöldi útgefinna P-korta aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

**MYND 19. ÚTGEFIN P-KORT.**




Algengustu vottorðin sem sýslumenn gefa út eru veðbókarvottorð og sakavottorð. Árið 2017 voru gefin út 12.458 veðbókarvottorð og 13.416 sakavottorð. Árið 2018 voru gefin út 10.561 veðbókarvottorð og 15.474 sakavottorð.

## ATKVÆÐAGREIÐSLUR UTAN KJÖRFUNDAR

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum um land allt og má hefjast allt að átta vikum fyrir kjördag.

**MYND 20. ALÞINGISKOSNINGAR 2017**


Alþingiskosningar fóru fram 28. október 2017. Heildarfjöldi greiddra atkvæða á landsvísu var 201.792 og þar af voru atkvæði greidd utan kjörfundar 39.278 eða rúmlega 19%.



■ Atkvæði greidd á kjörstað á kjördegi ■ Utankjörfundaratkvæði

**MYND 21. SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018**

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 26. maí 2018. Heildarfjöldi greiddra atkvæða á landsvísu var 167.622 og þar af voru atkvæði greidd utan kjörfundar 20.697 eða rúmlega 12%.



■ Atkvæði greidd á kjörstað á kjördegi ■ Utankjörfundaratkvæði



## Önnur verkefni

- **Umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands**

Í umboðum sýslumanna fyrir Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar Íslands er þjónustuþegum þessara stofnana veitt margvísleg og mikilvæg nærþjónusta. Í gegnum árin hefur ríkt mikil ánægja á meðal þeirra með þá þjónustu sem þeir fá í umboðum sýslumanna.

- **Innheimta opinberra gjalda**

Sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins eru innheimtumenn ríkissjóðs og annast innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð hver í sínu umdæmi, sbr. 1. gr. laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.\*

\*Frá og með 1. janúar 2020 annast Skatturinn innheimtu opinberra gjalda í umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en fram að þeim tíma annaðist Tollstjóri og síðar Ríkisskattstjóri (frá og með 1. maí 2019) innheimtuna á höfuðborgarsvæðinu.

- **Móttaka umsókna um dvalarleyfi o.fl. tengt erlendum ríkisborgurum**

Sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins taka við umsóknum f.h. Útlendingastofnunar um dvalarleyfi þeirra sem eru ríkisborgarar utan EES og er þá jafnframt tekin af þeim mynd til afnota í dvalarleyfiskort. Almennt má segja að umsýsla með hin ýmsu gögn sem tengjast búsetu erlendra ríkisborgara hér á landi og leiðbeiningar starfsfólks embætta allra sýslumanna til erlendra ríkisborgara í tengslum við hin ýmsu mál hafi aukist mikið undanfarin ár.

## VIÐAUKI I – FJÁRHAGUR EMBÆTTA SÝSLUMANNA

### Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

| <b>Rekstur</b>                   | <b>2016</b>          | <b>2017</b>          | <b>2018</b>          |
|----------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| <i>Launakostnaður</i>            | 771.565.097          | 842.222.442          | 827.528.228          |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>         | 101.850.468          | 92.988.670           | 89.392.404           |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>       | 139.522.828          | 92.445.167           | 103.487.665          |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>1.012.938.393</b> | <b>1.027.656.279</b> | <b>1.020.408.297</b> |
| <i>Sértekjur</i>                 | -12.852.567          | - 13.955.737         | - 27.858.311         |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b>       | <b>996.709.639</b>   | <b>1.013.700.542</b> | <b>992.549.986</b>   |
| <i>Framlag úr ríkissjóði</i>     | 935.800.000          | 983.066.798          | 1.034.019.972        |
| <b>Hagnaður/-tap ársins</b>      | <b>-60.909.639</b>   | <b>-30.633.744</b>   | <b>41.469.986</b>    |
| <i>Fjárlög</i>                   | 819.400.000          | 955.300.000          | 968.600.000          |
| <i>Aukafjárlög</i>               | -18.000.000          | -31.233.202          | -7.800.000           |
| <i>Millifærðar fjárheimildir</i> | 51.600.000           | 59.000.000           | 60.000.000           |
| <b>Fjárheimild ársins</b>        | <b>809.000.000</b>   | <b>996.655.615</b>   | <b>1.034.019.972</b> |
| <i>Flutt frá fyrra ári</i>       | -14.763.781          | -75.673.420          | -106.317.164         |
| <b>Fjárheimild samtals</b>       | <b>921.036.219</b>   | <b>920.982.195</b>   | <b>927.702.808</b>   |

### Sýslumaðurinn á Vesturlandi

| <b>Rekstur</b>                   | <b>2016</b>        | <b>2017</b>        | <b>2018</b>        |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <i>Launakostnaður</i>            | 208.782.315        | 220.677.265        | 199.025.544        |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>         | 20.512.034         | 19.421.002         | 20.642.215         |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>       | 29.375.391         | 31.222.444         | 24.502.265         |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>258.669.740</b> | <b>271.320.711</b> | <b>244.170.024</b> |
| <i>Sértekjur</i>                 | -17.637.144        | -16.734.390        | -18.655.481        |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b>       | <b>241.032.596</b> | <b>254.586.321</b> | <b>225.514.543</b> |
| <i>Framlag úr ríkissjóði</i>     | 194.100.000        | 250.894.520        | 227.731.876        |
| <b>Hagnaður/-tap ársins</b>      | <b>-46.932.596</b> | <b>-3.553.301</b>  | <b>2.217.333</b>   |
| <i>Fjárlög</i>                   | 180.300.000        | 202.600.000        | 207.800.000        |
| <i>Aukafjárlög</i>               | 0                  | 47.000.000         | 20.000.000         |
| <i>Millifærðar fjárheimildir</i> | 13.800.000         | 1.294.520          | -68.124            |
| <b>Fjárheimild ársins</b>        | <b>194.100.000</b> | <b>250.894.520</b> | <b>227.731.876</b> |
| <i>Flutt frá fyrra ári</i>       | -9.194.739         | -56.127.335        | -59.680.636        |
| <b>Fjárheimild samtals</b>       | <b>184.905.261</b> | <b>194.767.185</b> | <b>168.051.240</b> |

### Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

| <b>Rekstur</b>                   | <b>2016</b>        | <b>2017</b>        | <b>2018</b>        |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <i>Launakostnaður</i>            | 157.242.015        | 159.385.512        | 157.134.305        |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>         | 19.360.724         | 19.781.858         | 19.982.238         |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>       | 25.658.392         | 22.891.900         | 25.221.399         |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>202.261.131</b> | <b>202.059.270</b> | <b>202.337.942</b> |
| <i>Sértekjur</i>                 | -9.952.757         | - 11.829.927       | - 6.643.759        |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b>       | <b>192.308.374</b> | <b>190.229.343</b> | <b>195.694.183</b> |
| <i>Framlag úr ríkissjóði</i>     | 180.300.000        | 189.440.998        | 197.240.243        |
| <b>Hagnaður/-tap ársins</b>      | <b>-12.008.374</b> | <b>-788.345</b>    | <b>1.546.060</b>   |
| <i>Fjárlög</i>                   | 166.400.000        | 187.900.000        | 193.300.000        |
| <i>Aukafjárlög</i>               | 0                  | 0                  | 0                  |
| <i>Millifærðar fjárheimildir</i> | 13.900.000         | 2.200.000          | 4.100.000          |
| <b>Fjárheimild ársins</b>        | <b>180.300.000</b> | <b>190.100.000</b> | <b>197.400.000</b> |
| <i>Flutt frá fyrra ári</i>       | -3.316.619         | -15.324.993        | -16.113.338        |
| <b>Fjárheimild samtals</b>       | <b>176.983.381</b> | <b>174.775.007</b> | <b>181.286.662</b> |

### Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

| <b>Rekstur</b>                   | <b>2016</b>        | <b>2017</b>        | <b>2018</b>        |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <i>Launakostnaður</i>            | 195.490.237        | 194.951.151        | 212.444.420        |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>         | 10.340.532         | 7.684.628          | 8.536.905          |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>       | 21.194.909         | 20.028.426         | 19.368.285         |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>227.025.678</b> | <b>222.664.205</b> | <b>240.349.610</b> |
| <i>Sértekjur</i>                 | -1.729.417         | - 535.786          | - 4.463.281        |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b>       | <b>225.296.261</b> | <b>222.128.419</b> | <b>235.886.329</b> |
| <i>Framlag úr ríkissjóði</i>     | 214.800.000        | 227.305.262        | 234.900.000        |
| <b>Hagnaður/-tap ársins</b>      | <b>-10.496.261</b> | <b>5.176.843</b>   | <b>-986.329</b>    |
| <i>Fjárlög</i>                   | 198.400.000        | 227.400.000        | 230.500.000        |
| <i>Aukafjárlög</i>               | 0                  | 0                  | -600.000           |
| <i>Millifærðar fjárheimildir</i> | 16.400.000         | -94.738            | 5.000.000          |
| <b>Fjárheimild ársins</b>        | <b>214.800.000</b> | <b>227.305.262</b> | <b>234.900.000</b> |
| <i>Flutt frá fyrra ári</i>       | -8.452.656         | -18.948.917        | -13.772.074        |
| <b>Fjárheimild samtals</b>       | <b>206.347.344</b> | <b>208.356.345</b> | <b>221.127.926</b> |

### Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

| <b>Rekstur</b>                   | <b>2016</b>        | <b>2017</b>        | <b>2018</b>        |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <i>Launakostnaður</i>            | 229.169.612        | 230.006.748        | 232.368.277        |
| <i>Húsnæðiskostnaður</i>         | 8.676.662          | 19.856.542         | 22.102.993         |
| <i>Önnur rekstrargjöld</i>       | 44.770.522         | 32.873.658         | 30.566.351         |
| <b>Gjöld samtals</b>             | <b>282.616.796</b> | <b>282.736.948</b> | <b>285.037.621</b> |
| <i>Fjárkröfur, viðskipti</i>                                             | 23         | 21         |
| <i>Forsjár- og lögheimilismál</i>                                        | 94         | 111        |
| <i>Hjónaskilnaður</i>                                                    | 18         | 13         |
| <i>Launa-, vinnuréttar- og lífeyrismál</i>                               | 3          | 5          |
| <i>Námslán</i>                                                           | 11         | 3          |
| <i>Opinber skipti, ógilding fjárskipta</i>                               | 2          | 7          |
| <i>Ógilding stjórnvaldsákvarðana</i>                                     | 18         | 18         |
| <i>Skaðabætur, líkamstjón</i>                                            | 103        | 84         |
| <i>Önnur skaða- og miskabótamál</i>                                      | 25         | 11         |
| <i>Skaðabætur skv. sakamálalögum</i>                                     | 44         | 39         |
| <i>Þjóðlendumál</i>                                                      | 6          | 4          |
| <i>Önnur mál</i>                                                         | 25         | 13         |
| <b>Samtals</b>                                                           | <b>452</b> | <b>420</b> |

## SÝSLUMAÐURINN Á VESTFJÖRÐUM

- Álagning og innheimta vanrækslugjalds samkvæmt 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja.
- Rekstur skönnunarmiðstöðvar þar sem eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið eru færð yfir á rafrænt form.
- Umsjón með vef sýslumanna, [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

### Vanrækslugjald

Fjöldi álagninga **vanrækslugjalds** árið 2017 var 41.057 og árið 2018 var hann 38.539. Í eftirfarandi töflu má sjá má þróun fjölda álagninga frá því verkefnið hófst árið 2009 til og með 2018.

| <i>Fjöldi álagninga</i> | 2016   | 2017   | 2018   |
|-------------------------|--------|--------|--------|
| <i>Vanrækslugjald</i>   | 35.440 | 41.057 | 38.539 |

### Skönnunarmiðstöð

| <i>Fjöldi skannaðra þinglýsingarskjala</i> | 2017           | 2018           |
|--------------------------------------------|----------------|----------------|
| <i>Skönnuð skjöl fyrir Hafnarfjörð</i>     | 102.718        | 119.559        |
| <i>Skönnuð skjöl fyrir Kópavog</i>         | -              | 24.697         |
| <b>Alls*</b>                               | <b>102.718</b> | <b>144.256</b> |

\*Fjöldi skjalanúmera – fylgiskjöl eru ekki inni í þessari tölu.

Lokið var við skönnun skjala úr Hafnarfirði í nóvember 2018 og þá var byrjað á skjölum úr Kópavogi. Eftir því sem unnið er með eldri skjöl þá vantar fleiri skjöl og fleiri eru óskráð. Því þurfa starfsmenn skönnunarmiðstöðvar oftast að leita í þinglýsingakerfinu. Þá er einnig nokkuð um að númer á skjölum eru ekki skráð rétt í kerfið.

### Umsjón með vef sýslumanna

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum hefur umsjón með sameiginlegri vefsíðu sýslumanna ([www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)). Neðangreindar tölur um fjölda heimsóknna og fjölda síðuflettinga eru fengnar úr Google Analytics\*. Meðaltal fjölda heimsóknna árin 2017 og 2018 er tæplega 1.700 heimsóknir á dag.

| <i>www.syslumenn.is</i>     | 2016      | 2017      | 2018      |
|-----------------------------|-----------|-----------|-----------|
| <i>Heimsóknir á vefsíðu</i> | 582.117   | 614.967   | 618.818   |
| <i>Síðuflettingar</i>       | 1.875.724 | 1.899.006 | 1.780.686 |

\*Í grunninn mælir Google Analytics síðuflettingar (e. pageviews), þ.e. í hvert sinn sem síða á vefnum er opnuð er send tilkynning til Google. Byggt á upplýsingum um vafra, dagsetningu o.fl. eru síðuflettingar tengdar við notendur og heimsóknir þeirra. Notandi í augum Google Analytics er í raun tiltekinn vafri. Þannig myndi manneskja sem heimsækir vefinn annars vegar í farsíma og hins vegar í tölvu teljast sem 2 ótengdir notendur í skýrslum. Á sama hátt er manneskja sem notar sitt á hvað t.d. Chrome og Firefox vafra talin sem tveir notendur. Notandi telst nýr ef viðkomandi vafri á ekki gögn um fyrri heimsókn, en ef t.d. smákökum (e. cookies) er eytt úr vafranum telst notandinn nýr eftir það. Heimsóknir (e. sessions) eru skilgreindar þannig að ef liðnar eru meira en 30 mínútur frá síðustu flettingu notanda telst það ný heimsókn. Þannig getur sami notandi átt nokkrar heimsóknir yfir daginn.

## SÝSLUMAÐURINN Á NORÐURLANDI VESTRA

- Framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
- Rekstur innheimtumiðstöðvar, sem sér um innheimtu eftirtalinna krafna:  
Sektir og sakarkostnaður.  
Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota.  
Endurkröfur vegna gjafsóknarmála.  
Stjórnvaldssektir, féviti, dagsektir, sáttir og eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins.  
Kröfur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi umfram rétt.  
Endurkröfur vegna ofgreiðslna hjá Vinnumálastofnun.  
Dagsektir Vinnueftirlits, Persónuverndar og Matvælastofnunar.

## Sjóðir og sjálfseignarstofnanir

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra annast framkvæmd laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og reglugerð um sama efni nr. 140/2008. Embættið notar enn GoPro.net sem málaskrárkerfi fyrir málaflokkinn en til stendur að færa vinnsluna inn í málaskrárkerfi sýslumannsembættis á árinu 2020. Hér eru helstu tölfræðilegu upplýsingar um fjölda auglýsinga embættisins í B-deild Stjórnartíðinda vegna afgreiðslu mála á árunum 2017-2018:

| <i>Sjóðir og sjálfseignarstofnanir</i>               | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
|------------------------------------------------------|-------------|-------------|
| <i>Nýr sjóður/sjálfseignarstofnun</i>                | 13          | 11          |
| <i>Breytingar á skipulagsskrám</i>                   | 3           | 7           |
| <i>Niðurlagning sjóða/sjálfseignarstofnana</i>       | 1*          | 1*          |
| <i>Tilkynning um breytingu á stofnfé</i>             | 1           | 1           |
| <b><i>Samtals auglýsingar í Stjórnartíðindum</i></b> | <b>18</b>   | <b>20</b>   |

\* Í auglýsingu um niðurlagningu sjóða/sjálfseignarstofnana er getið um fjölda niðurlagninga næstliðins árs. Á árinu 2017 voru 12 sjóðir/sjálfseignarstofnanir lagðir niður hjá embættinu (auglýst 2018) og á árinu 2018 voru þeir 13 talsins (auglýst 2019). 15 sjóðir/sjálfseignarstofnanir voru lagðir niður árið 2016.

Þrír starfsmenn á Sauðárkróki annast daglega umsýslu verkefna samkvæmt málaflokknum. Embættið fær fjölda fyrirspurna, bæði í síma og í gegnum tölvupóst, auk óska um leiðbeiningar í tengslum við málaflokkinn. Fjöldi símtala og tölvupósta hvað varðar málaflokkinn á árunum 2017-2018 liggur ekki fyrir en starfsmenn á starfstöðinni á Sauðárkróki áætla að símtöl í tengslum við málaflokkinn séu ekki undir 10 á viku og tölvupóstar álíka margir. Má því áætla að símtöl og tölvupóstar í þessum málaflokki séu u.þ.b. 500 á ári. Í ársbyrjun 2019 var tekið upp sérstakt netfang hjá embættinu hvað varðar málaflokkinn; [sjodir@syslumenn.is](mailto:sjodir@syslumenn.is) Í mörgum símtölum og tölvupóstum er leitað leiða við að stofna nýja sjóði/sjálfseignarstofnanir, breyta gildandi skipulagsskrám, sameina sjóði/sjálfseignarstofnanir eða leggja þá niður en beiðendur hætta svo við erindið á endanum. Þá kemur ekki til auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Hér eru aðrar helstu tölfræðilegu upplýsingar um starfseminu í málaflokknum:

| <i>Sjóðir og sjálfseignarstofnanir</i>                              | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
|---------------------------------------------------------------------|-------------|-------------|
| <i>Beiðnir um samþykki fyrir veðsetningu og sölu fasteigna</i>      | 12          | 14          |
| <i>Tilkynningar til embættisins um breytingar á stjórn</i>          | 45          | 62          |
| <i>Vottorð embættisins á íslensku um stofnun og skipan stjórnar</i> | 10          | 12          |
| <i>Símtöl og tölvupóstar vegna fyrirspurnar/leiðbeininga</i>        | U.þ.b. 500  | U.þ.b. 500  |
| <i>Vottorð embættisins á ensku um stofnun og skipan stjórnar</i>    | 4           | 5           |
| <i>Ýmis bréfleg erindi, þ.m.t. frá öðrum opinberum stofnunum</i>    | 2           | 3           |
| <i>Kæur á ákvörðunum embættisins til dómsmálaráðuneytisins</i>      | 0           | 0           |

Allar beiðnir um breytingar á skipulagsskrám, niðurlagningu sjóða og samþykki fyrir veðsetningu og sölu fasteigna fela í sér bréfasamskipti við Ríkisendurskoðun vegna lögbundins umsagnarhlutverks stofnunarinnar.

## Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar

Frá árinu 2006 hefur verið starfrækt Innheimtumiðstöð á skrifstofunni á Blönduósi. Auk þess að innheimta sektir og sakarkostnað á landsvísu eru innheimt ýmis gjöld, ofgreiddar bætur, stjórnvaldssektir eða dagsektir fyrir aðrar stofnanir, s.s. Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun, Fjármálaeftirlit, Persónuvernd, Matvælastofnun, Bótanefnd og Gjafsóknarnefnd.

Í eftirfarandi töflu má sjá þær fjárhæðir sem Innheimtumiðstöðin innheimti á árunum 2016-2018:

| <i>Innheimtumiðstöð:<br/>Innheimtar fjárhæðir</i> | <b>2016</b> | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
|---------------------------------------------------|-------------|-------------|-------------|
| <i>Kr. (milljarðar)</i>                           | 2,8         | 3,6         | 3,9         |

Að jafnaði eru 10 starfsmenn sem starfa í innheimtu en fleiri sem eru í afleiddum störfum tengdum innheimtunni, s.s. aðalbókari, gjaldkeri og þjónustuver sem svarar símtölum.

Árið 2016 var verklagi innheimtumiðstöðvar breytt á þann veg að ekki er samið um greiðsludreifingu nema beiðni komi skriflega, í tölvupósi eða í pósti. Heimilt er skv. lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 að skipta greiðslum til 12 mánaða eða lengur ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Var verklagi hvað það varðar jafnframt breytt þannig að gerð er sú krafa að óski skuldari eftir því að semja um greiðsludreifingu til lengri tíma en 12 mánaða skuli hann senda inn beiðni á sérstöku eyðublaði og skila með gögnum s.s. síðasta skattframtali, launaseðlum og fleiru sem máli kann að skipta svo að hægt sé að meta greiðslugetu. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel, öll samskipti eru vistuð í skjalavörslukerfi One Systems og hægt að rekja.

Á bak við hverja greiðsluáætlun liggur fjöldi símtala og tölvupósta og svo vinna við útreikning greiðslugetu þeirra sem sækja um framlengda greiðsluáætlun. Ef miðað er við að fjöldi vinnudaga á ári séu 260 þá voru gerðar að jafnaði 18 greiðsluáætlanir á dag árið 2017 og 15 á dag árið 2016.

Einnig er talsverð umsýsla sem fylgir birtingu á ákvörðun um afplánun vararefsingar s.s. úthringingar, sending gagna á lögreglustöðvar, móttaka gagna og umsagnir til fangelsismálastofnunar ef sektarþoli sækir um að afplána vararefsingu með samfélagsþjónustu og gefa út handtökubeiðni ef sektir eru ekki greiddar og boðun er ekki sinnt. Með hverri aðfararbeiðni þarf að senda öll málgögn, s.s. dóma, sáttir, ákvarðanir eða úrskurði. Þá þarf að kanna eignir hvers og eins skuldara til þess að hægt sé að meta hvort um fjárnám í eign sé að ræða eða árangurslaust. Ef fjárnám er tekið í eign er því fylgt eftir með nauðungarsölu hafi skuldari ekki samið eða greitt.

Eftirfarandi tafla sýnir umfangið í starfsemi Innheimtumiðstöðvar árin 2016-2018:

| Ár   | Greiðsluáætlanir | Ákvarðanir um afplánun vararefsingar | Beiðnir um niðurfellingu sakarkostnaðar | Greiðsluáskoranir til birtingar | Útsendar aðfararbeiðnir |
|------|------------------|--------------------------------------|-----------------------------------------|---------------------------------|-------------------------|
| 2016 | 3.924            | 1.725                                | 84                                      | 811                             | 3.591                   |
| 2017 | 4.649            | 1.142                                | 46                                      | 318                             | 3.004                   |
| 2018 | 3.944            | 846                                  | 32                                      | 695                             | 2.974                   |


## SÝSLUMAÐURINN Á NORÐURLANDI EYSTRA

- Rekstur skrifstofu bótanefndar skv. lögum nr. 69/1995 um greiðslu bóta til þolenda afbrota.
- Umsjón verkefna sem sýslumanni eru falin skv. lögum nr. 47/2010 um sanngirnisbætur.
- Útgáfa leyfisbréfa til starfsréttinda héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannna og önnur umsjón þeirra verkefna sem sýslumönnum eru falin á grundvelli laga nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 145/2013.
- Útgáfa leyfa til dreifingar á ösku látins manns utan kirkjugarðs, sbr. reglugerð nr. 104/2014 um breytingu á reglugerð nr. 203/2003.
- Skráning og eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum á grundvelli laga nr. 08/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og reglugerðar 106/2014.
- Útgáfa leyfa til tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit, sbr. reglugerð nr. 105/2014.
- Ákvarðanir um kvaðaauf skv. 1. og 2. mgr. 50. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. reglugerð nr. 108/2014 um ákvarðanir varðandi kvaðabindingu arfs og niðurfellingu kvaðar.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur með höndum sjö sérverkefni sem öll eru unnin í umboði dómsmálaráðuneytisins. Sum verkefnin hafa verið næsta lengi í umsjón sýslumanns og eitt þeirra hefur verið það frá upphafi. Stærð þeirra og umfang er mjög ólíkt og segja má að tvö til þrjú þeirra þeirra skeri sig nokkuð úr varðandi það.

### Bótanefnd vegna þolenda afbrota

Bótanefnd vegna þolenda afbrota hefur verið í umsjón sýslumanns í tæp 14 ár. Með lögum nr. 69/1995 greiðir ríkissjóður bætur til þolenda afbrota, en greiðsla ríkissjóðs er bundin við líkamstjón og miska, nánar eftir I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 og 26. gr. þeirra. Umsóknnum um bætur hefur fjölgað verulega á þessum tíma, þótt nokkrar sveiflur séu í málafjölda á milli ára. Sem dæmi má taka að árið 2005 bárust 205 mál en árið 2017 voru þau 446. Árið 2018 bárust 396 umsóknir. Rétt er að taka fram að meðferðartími hvers máls getur eftir atvikum verið næsta langur vegna þess að rannsóknir og dómsmeðferð getur dregist á langinn og það líða oft 1-3 ár frá því umsókn berst og þar til máli er lokið.




*Þróun á fjölda mála sem bótanefnd hafa borist frá 2011-2018*

## Umsjón með sanngirnisbótum

Umsjón með sanngirnisbótum hefur frá upphafi verið hjá sýslumanni, en verkefnið hófst árið 2010 og er eðli málsins samkvæmt tímabundið. Það felst í ákvörðun sanngirnisbóta á grundvelli laga nr. 47/2010 en með lögunum er ríkissjóði heimilt að greiða sanngirnisbætur til þeirra sem máttu sæta illri meðferð á vistheimilum og stofnunum fyrir börn. Það eru tilteknar stofnanir sem um er að ræða og þegar vistheimilanefnd hefur lokið könnun á starfsemi viðkomandi stofnunar er sýslumanni heimilt að gefa út innköllun á bótakröfum. Alls hafa verið greiddar bætur til um 1.200 einstaklinga vegna 11 stofnana síðan innköllun hófst, en á árinu 2017 var kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á Kópavogshæli. Alls bárust 86 kröfur og voru greiddar bætur í 83 tilvikum. Bótagreiðslum er dreift eftir fjárhæðum og getur greiðsla bóta staðið yfir í allt að þrjú ár. Í árslok 2018 skilaði embættið lokaskýrslu um verkefnið til dómsmálaráðherra þar sem farið var yfir starfsemina frá árinu 2010. Verkefninu lýkur að óbreyttu á árinu 2020 þegar síðustu bæturnar verða greiddar.

## Umsjón með lögmansréttindum samkvæmt lögum um lögmenn nr. 77/1998

Embættið annast útgáfu á réttindum til málflutnings á öllum dómstigum, fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Þá heldur embættið utan um hverjir hafa réttindi til málflutnings, tekur við innlögðum réttindum og afhendir úttekin réttindi, en lögmönnum er skylt að leggja réttindi sín inn þegar þeir starfa ekki við lögmennsku eða hafa með höndum starf sem samræmist ekki því að hafa virk lögmansréttindi. Að auki gefur embættið út vottorð vegna réttinda og prófmála. Þá annast embættið einnig niðurfellingu réttinda þegar lögmenn uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir handhöfn lögmansréttinda. Ekki er haldin tölfræði yfir innlögð og úttekin réttindi, en breytingar á þeim eru flesta virka daga ársins, þar sem nú eru útgefin réttindi um 2.500 og ríflega helmingur þeirra virkur. Á árinu 2017 voru gefin út 41 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og átta til málflutnings fyrir Hæstarétti. Á árinu 2018 voru gefin út 36 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi, 24 til málflutnings fyrir Landsrétti sem hóf starfsemi þann 1. janúar 2018 og 14 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.



*Fjöldi útgefinna réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum 2000-2018. Eins og sjá má á myndinni hafa verið töluverðar sveiflur á milli ára á fjölda útgefinna réttinda til málflutnings. Árið 2015 urðu útgefin réttindi flest eða 86. Hafa ber í huga að fram til ársins 1999 giltu allt aðrar reglur um öflun málflutningsréttinda en gilda nú.*

## Útgáfa leyfa til dreifingar á ösku utan kirkjugarða

Samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er heimilt að dreifa ösku látinna í óbyggðum eða yfir haf. Á árinu 2017 bárust 36 umsóknir og árið 2018 bárust 44 umsóknir. Nú kemur um helmingur umsókna erlendis frá og askan því flutt til landsins og dreift innan íslenskrar lögsögu.

## Eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum.

Embættið annast skráningu nýrra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga á grundvelli laga nr. 108/1999. Við skráninguna fá félögin hlutdeild í sóknargjöldum og ýmis réttindi en sæta í staðinn tilteknu eftirliti og þurfa að skila til sýslumanns einu sinni á ári yfirliti yfir starfsemi og fjárreiður liðins árs. Félögin þurfa einnig að tilkynna sýslumanni þegar í stað allar stórfelldar breytingar sem verða á skipan félagsins. Á árinu 2017 bárust tvær umsóknir um skráningu og var annarri þeirra hafnað en hin samþykkt. Á árinu 2018 bárust einnig tvær umsóknir og var önnur samþykkt en hin var til meðferðar fram á árið 2019. Skráð félög í árslok 2018 voru 47.

Taka ber fram að málsmeðferð vegna umsókna um skráningu á trúfélagi telst sértæk og nokkuð viðurhlutamikil.

## Leyfi til tilfærslu á jarðneskum leifum á milli grafreita.

Samkvæmt lögum um kirkjugarða o.fl. nr. 36/1993 er heimilt að færa jarðneskar leifar á milli grafreita eða kirkjugarða, standi málefnalegar forsendur að baki. Á árinu 2017 bárust átta umsóknir og á árinu 2017 bárust tíu umsóknir. Ástæður fyrir tilfærslu jarðneskra leifa eru margvíslegar.

## Ákvörðun um kvaðaarf.

Samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 er heimilt að binda skylduvarf kvöðum ef líklegt þykir að erfingi fari ráðleysislega með arf sinn. Sýslumaður tekur ákvörðun um hvort samþykkja beri umsóknina eða hafna henni. Jafnframt er sótt um til embættisins ef óskað er eftir að kvöðum á arf sem annað hvort er skylduvarfur eða bréfarfur verði aflétt. Á árinu 2017 bárust fjórar umsóknir og á árinu 2018 bárust sjö umsóknir. Flestum umsóknanna er hafnað, enda eru skilyrði fyrir kvaðabindingu næsta þröng. Í nær öllum tilvikum þar sem kvaðabinding er samþykkt er um það að ræða að skylduerfingi sé búinn andlegum annmörkum og ekki líklegur til að geta annast fjárreiður sínar með ábyrgum hætti. Því til staðfestingar þarf að leggja fram læknisfræðileg gögn. Þegar sótt er um kvaðabindingu arfs er lagt fram eintak af erfðaskránni eða bara það ákvæði hennar sem varðar kvaðabindinguna og embættið gefur út leyfisbréf til kvaðabindingarinnar.



## SÝSLUMAÐURINN Á AUSTURLANDI

- Viðurkenning á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu.
- Verkefni samkvæmt samstarfssamningi við embætti tollstjóra vegna afgreiðslu bílferjunnar Norrænu.
- Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði skv. ákvæðum laga nr. 40//1972 um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.
- Aðstoð og þjónusta við Samgöngustofu og viðskiptamenn hennar vegna innflutnings og nýskráningar bifreiða.

## Viðurkenning á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu

Viðurkenningar á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu byggja á 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, 2. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi nr. 26/2010 og reglugerð nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggilttri iðn hér á landi. Eins og ráða má af töflunni hér að neðan fer viðurkenningum á þessu sviði fjölgandi á milli ára. Þá ræðst það einnig af efnahagsástandi og verkefnastöðu í þjóðfélaginu hversu mikið er að gera í þessum málaflokki.

|                                                                              | 2016 | 2017 | 2018 |
|------------------------------------------------------------------------------|------|------|------|
| <i>Viðurkenningar starfsréttinda iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu</i> | 45   | 82   | 116  |

## Verkefni samkvæmt samstarfssamningi við embætti tollstjóra vegna afgreiðslu bílferjunnar Norrænu

Samstarfssamningur við embætti tollstjóra vegna afgreiðslu bílferjunnar Norrænu var gerður í kjölfar breytinga á embættum sýslumanna þar sem tollstjórn var tekin frá þeim og færð undir tollstjóra.\* Mikil starfsreynsla lá fyrir á embættinu við ýmis skrifstofustörf sem tengjast afgreiðslu bílferjunnar og ganga starfsmenn embættisins nú til starfa á vegum tollstjóra í þau hin sömu verk. Þá tekur skrifstofa sýslumanns við ýmsum greiðslum í nafni tollstjóra og annast frágang og bókhald vegna þessa. Hefur þessi samvinna reynst hagkvæm fyrir ríkið.

\*Landið var gert að einu tollumdæmi 1. janúar 2009, sbr. lög nr. 147/2008, um breyting á tollalögum nr. 88/2005 o.fl. Samkvæmt 42. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 11. gr. laga nr. 147/2008, er tollstjóra heimilt, með samþykki fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra, að gera samninga við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í stjórnsýsluumdæmum sínum. Hann getur enn fremur samið við þá um nauðsynlega starfsaðstöðu fyrir tollgæslu í viðkomandi stjórnsýsluumdæmum og aðstoð við tollstarfsmenn við framkvæmd starfans.

## Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði skv. lögum nr. 40/1972

Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði er nokkuð sérstakt verkefni. Það kallar á þó nokkra vinnu af hálfu skrifstofustjóra við að halda utan um það hjá hverjum eigi að innheimta gjöldin og hver staða þeirrar innheimtu er hverju sinni. Þá hefur a.m.k. einu sinni stofnast til málaferla vegna þessa sérverkefnis sem fólst í því að gjaldandi neitaði þátttöku í fjallskilakostnaði. Taldi hann sig ekki hafa fengið tilkynningu um fjallskil með réttum hætti og að hann hefði leyst málið sjálfur með mætingu í göngur hefði svo verið. Málið fór fyrir héraðsdóm og rak embættið það fyrir dómi með tilheyrandi vinnu. Má því gera ráð fyrir að þetta verkefni þó lítilfenglegt sé á pappírnum kunni að leiða af sér nokkra vinnu.

## Aðstoð og þjónusta við Samgöngustofu og viðskiptamenn hennar vegna innflutnings og nýskráningar bifreiða

Aðstoð og þjónusta við Samgöngustofu vegna innflutnings og nýskráningar bifreiða er verkefni sem heldur hefur dregist saman seinni árin og má segja að það sé á útleið.

## SÝSLUMAÐURINN Á SUÐURLANDI

- Útgáfa happdrættisleyfa, sbr. lög nr. 38/2005 um happdrætti.
- Útgáfa leyfa til þeirra sem vilja reka útfararþjónustu.
- Færsla bókhalds fyrir fjögur íslensk sendiráð.
- Útgáfa Lögbirtingablaðsins.
- Leyfi til opinberra fjársafnana samkvæmt lögum nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir.
- Eftirlit með spilakössum í samræmi við lög nr. 13/1973 og 73/1994 og tilheyrandi reglugerðir.

### Útgáfa happdrættisleyfa

Með lögum nr. 143/2006, um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til sýslumannsembættis, var ákveðið í X. kafla þeirra, 25. - 27. gr., að fela skyldi einhverju sýslumannsembætti að fara með leyfisveitingar happdrætta og umsýslu þeirra, m.a. til að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning, svo og að annast útgáfu leyfa fyrir hlutaveltur. Enn fremur að annast eftirlit með framkvæmd happdrættislaga, þó þannig að eftirlit með happdrættum þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, og sem rekin eru samkvæmt sérstakri lagaheimild verði hjá ráðuneytinu. Með reglugerð nr. 1124/2006 var ákveðið að sýslumaðurinn á Hvolsvelli annaðist veitingu happdrættisleyfa frá 1. janúar 2007. Frá 1. janúar 2015 hefur verkefnið verið vistað á skrifstofu embættisins á Höfn.

### Útgáfa leyfa til þeirra sem vilja reka útfararþjónustu

Sýslumaðurinn á Suðurlandi sér um útgáfu leyfa til þeirra sem hyggjast starfrækja útfararþjónustu. Reglugerð nr. 426/2006 um útfararþjónustur gildir um útgáfu leyfa og starfsemi þeirra sem hafa fengið leyfi til að starfrækja útfararþjónustu. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Verkefnið er vistað á skrifstofu embættisins á Höfn.

### Færsla bókhalds fyrir fjögur íslensk sendiráð

Verkefnið felur í sér færslu bókhalds fyrir sendiráð Íslands í Ottawa, Vínarborg, Tokyo, Washington og að auki Nato-skrifstofuna í Brussel. Verkefnið hefur allt frá árinu 2008 verið unnið á skrifstofu embættisins í Vík.

### Útgáfa Lögbirtingablaðsins

Sýslumaðurinn á Suðurlandi gefur út Lögbirtingablaðið í umboði dómsmálaráðuneytisins, sbr. 6. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið. Sýslumaður er ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa,

nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi, líkt og segir í 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga.

Útgáfa Lögbirtingablaðsins er rafræn á vefnum og fer fram á vef blaðsins [www.logbirtingablad.is](http://www.logbirtingablad.is). Þar birtast, alla virka daga, auglýsingar sem skylt er að gefa út skv. 2. mgr. 1. gr. Útgáfudagur auglýsingar telst sá dagur sem auglýsing birtist á vef blaðsins. Rafræn áskrift kostar skv. núg. gjaldskrá kr. 1.500 á ári og er hægt að skrá sig áskrifanda á vef blaðsins. Eftir að áskrift hefur verið skráð fær áskrifandi greiðslukröfu vegna ársáskriftargjaldsins í netbanka og jafnframt sendan greiðsluseðil. Næsta virka dag eftir greiðslu verður áskriftin virk. Auglýsendur setja sjálfir inn auglýsingar, rafrænt í gegnum vef blaðsins. Blaðið er enn gefið út í prentuðu formi og er hægt að vera áskrifandi að því gegn greiðslu prentkostnaðar. Stefnt er þó að því að hætta prentútgáfu blaðsins, en nú er svo komið að enginn áskrifandi er að blaðinu á prentuðu formi. Lögbirtingablaðið, þótt íhaldssamt sé, er því ekki undanskilið eðlilegri þróun í gangverki samfélagsins. Til þessa þarf þó lagabreytingar. Auglýsingar birtast um viku til hálfu mánuði seinna í prentútgáfunni, miðað við hina rafrænu útgáfu og getur auglýsing þar með jafnvel verið úr gildi fallin vegna birtingarfrests. Verkefnið var falið Sýslumanninum í Vík árið 2007 og fer vinna við blaðið að stærstum hluta fram á þeirri starfsstöð embættisins.

## Leyfi til opinberra fjársafnana samkvæmt lögum nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir

Með opinberri fjársöfnun er átt við starfsemi þar sem almenningur er hvattur til að láta fé af hendi í þágu ákveðins málefnis án þess að endurgjald komi í staðinn. Þó svo að sá sem lætur fé af hendi til fjársöfnunar fái endurgjald í formi táknræns hlutar, telst hann ekki hafa fengið endurgjald, hafi hluturinn ekki sjálfstætt verðgildi.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi. Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi. Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem eru í persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá. Umsýsla með málaflokknum er vistuð á skrifstofu embættisins á Höfn.

## Eftirlit með spilakössum í samræmi við lög nr. 13/1973 og 73/1994 og tilheyrandi reglugerðir

Með ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 8. febrúar 2007 var Sýslumanninum á Hvolsvelli falið að skipuleggja og framkvæma í umboði ráðuneytisins eftirlit með spilakössum. Frá 1. janúar 2015 hefur Sýslumaðurinn á Suðurlandi haft verkefnið með höndum. Verkefnið er vistað á starfsstöð embættisins á Höfn.

Um starfrækslu happdrættisvéla Happdrættis Háskóla Íslands gilda lög nr. 13/1973 með síðari breytingum. Í reglugerð settri með stoð í þeim lögum er m.a. kveðið á um staðsetningu, fjölda og tegundir kassa, eftirlit með þeim o.fl. Reglugerð var sett árið 1993 um pappírslaut peningahappdrætti

Háskóla Íslands nr. 455/1993, og hefur henni verið breytt nokkrum sinnum. Um söfnunarkassa hjá Íslandsspilum gilda lög nr. 73/1994 og reglugerð um söfnunarkassa nr. 277/2005.

Þau atriði sem umrætt eftirlit lýtur að og embættinu er falið að skipuleggja í samvinnu við lögregluyfirvöld og aðra sýslumenn eru einkum eftirfarandi:

1. Að fram komi á spilakössum hver sé rekstraraðili þeirra.
2. Að ganga úr skugga um að spilakassarnir beri raðnúmer.
3. Að fram komi upplýsingar á spilakössunum, eða á spjaldi hjá þeim, hvert ágóði af rekstri þeirra rennur.
4. Að fylgst sé með því að þeir sem spila séu að lágmarki 18 ára gamlir.
5. Að börn yngri en 18 ára geti ekki fengið greidda út vinninga.
6. Að spilakassarnir séu aðeins þar sem heimilt er að reka þá.
7. Að tryggilega sé gengið frá því að umsjónarmaður hafi virkt eftirlit með spilakössunum.

Í töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra leyfa sem Sýslumaðurinn á Suðurlandi gaf út fyrir stærri happdrætti, opinberar fjársafnanir og rekstur útfararþjónustu árin 2017 og 2018.

|                                           | 2017 | 2018 |
|-------------------------------------------|------|------|
| <i>Happdrættisleyfi*</i>                  | 28   | 33   |
| <i>Leyfi fyrir opinberar fjársafnanir</i> | 20   | 9    |
| <i>Leyfi fyrir útfararþjónustu</i>        | 1    | 0    |

\* Stærri happdrætti þar sem söluverðmæti útgefinna miða er yfir 2 mkr.

## SÝSLUMAÐURINN Í VESTMANNAEYJUM

- Löggilding skjalapýðenda og dómtúlka.
- Auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytis á sviði fjölskyldumála á innri vef sýslumanna.

### Löggilding dómtúlka og skjalapýðenda

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum annast löggildingu dómtúlka og skjalapýðenda samkvæmt reglugerð nr. 1122/2006 en í því felst m.a. að taka auglýsa námskeið, taka við umsóknum og greiðslu og tilkynna um þátttöku til þeirra er annast framkvæmd undirbúningsnámskeiða og prófa. Að námskeiði og prófum loknu veitir Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum umsækjanda löggildingu hafi hann staðist próf. Prófað er annað hvert ár að undangengnu undirbúningsnámskeiði sem ávallt fer fram að hausti og er löggilding gefin út að vori næsta árs á eftir hafi próftaki staðist próf. Umsækjendur vegna undirbúningsnámskeiðs og prófs árið 2017 voru níu en aðeins þrír stóðust próf og fengu þeir löggildingu í maí 2018.

### Auðkennahreinsun og birting úrskurða á sviði fjölskyldumála

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum annast afmáningu persónugreinanlegra upplýsinga úr úrskurðum dómsmálaráðuneytisins á sviði sifja- og lögráðamála og birtingu úrskurðanna á innri vef sýslumanna ásamt stuttri reifun hvers og eins úrskurðar. Á árinu 2017 voru 43 úrskurðir yfirfarnir og birtir á vefnum en árið 2018 voru þeir 70.

## SÝSLUMAÐURINN Á SUÐURNESJUM

- Afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum.
- Afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um öflun sönnunargagna.
- Stefnubirtingar á grundvelli Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð frá 26. maí 1975.

Beiðnir um birtingar árið 2017 voru alls 1.416 talsins en árið 2018 voru þær 1.107. Flestar beiðnir um birtingar fara frá embættinu til Norðurlandanna, auk Bretlands, Bandaríkjanna, Kanada, Þýskalands og Spánar.

Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir stefnubirtingar áranna 2017 og 2018:

| <i>Yfirlit yfir stefnubirtingar</i>                | <b>2017</b>  | <b>2018</b>  |
|----------------------------------------------------|--------------|--------------|
| <i>Beiðnir til Íslands*</i>                        | 341          | 476          |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til Noregs</i>              | 363          | 179          |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til Danmerkur</i>           | 253          | 170          |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til Svíþjóðar</i>           | 173          | 92           |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til annarra Norðurlanda</i> | 20           | 13           |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til Bretlands</i>           | 55           | 37           |
| <i>Beiðnir frá Íslandi til Bandaríkjanna</i>       | 52           | 32           |
| <i>Annað</i>                                       | 159          | 108          |
| <b>Samtals</b>                                     | <b>1.416</b> | <b>1.107</b> |

\*Flest málín komu til Íslands frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi en einnig hefur orðið mikil aukning á beiðnum um birtingu frá Póllandi og Eystrasaltsríkjunum.

Í næstu töflu má sjá heildarfjölda beiðna um birtingu frá árinu 2011 (embættið tók við málaflokknum 1. febrúar 2011) til og með 2018:

| <i>Beiðnir um stefnubirtingar</i> | <b>2016</b> | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|
|                                   | 1.125       | 1.416       | 1.107       |

Að lokum er hér tafla sem sýnir útlagðan kostnað vegna birtinga, þ.e. póstburðargjöld og kostnað vegna stefnurvotta á Íslandi.

| <i>Kostnaður*</i>      | <b>2016</b> | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
|------------------------|-------------|-------------|-------------|
| <i>Póstburðargjöld</i> | 287.404     | 470.440     | 363.552     |
| <i>Stefnurvottar</i>   | 796.908     | 1.075.128   | 1.592.135   |

\*Í íslenskum krónum.

### **Samantekt ársins 2017:**

Árið 2017 var með svipuðu móti og síðustu ár en aukning var á málum í gegnum Haag- samninginn frá 18. mars 1970 um öflun sönnunargagna. Þessi mál eru tímafrek og varða þessar beiðnir í flestum tilfellum fyrirtökur fyrir dómstólum eða úttekt barnaverndar á heimilum. Gott samkomulagi komst á við héraðsdómstólana um að hraða þessum málum eins og kostur er. Jafnframt náðist samkomulag við Barnaverndarstofu um að hún annaðist milligöngu og framsendingu þeirra mála sem færu til barnaverndar sveitarfélaganna.

Enn eru vandræði með birtingar á Spáni og í Þýskalandi. Spánn tekur ennþá 9 -12 mánuði í að birta og tekst birting aðeins í innan við 30% af málum. Þetta er lengsti tímarammi sem óskað er eftir en flest öll miðstjórnvöld áskilja sér 2-3 mánuði til að birta. Þýskaland viðurkennir ennþá ekki embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum sem stjórnvald á Íslandi og fær embættið því ekkert birt þar, þrátt fyrir að hafa uppfyllt allar kröfur sem þýsk stjórnvöld hafa sett fram. Áfram verður unnið í því með dómsmálaráðuneytinu að leysa það mál.

Æ fleiri lönd rukka fyrir þessa þjónustu þar sem þau eru farin að notast við þriðja aðila til að birta. Á meðal landa sem rukka fyrir þjónustuna má nefna Bandaríkin, Kanada, Ástralíu, Kýpur og Belgíu. Í þeim löndum þar sem rukkað er fyrir þjónustuna ganga málin hraðar fyrir sig og prósentuhlutfall birtinga þar sem birting tekst er töluvert hærra en í öðrum löndum fyrir utan Ísland.

Árið 2017 er sjötta árið sem Sýslumaðurinn á Suðurnesjum annast málaflokkinn eftir að ráðuneytið útvistaði honum til embættisins árið 2011 og á heildina litið má segja að framkvæmdin hafi gengið vel. Hlutfall birtinga sem tekist hafa á erlendri grundu er um 83% en vel yfir 90% sem tekist hafa á Íslandi.

### **Samantekt ársins 2018:**

Á árinu 2018 var meira af erfiðari málum en áður, þ.e.a.s. málum vegna öflunar sönnunargagna sem tóku langan tíma. Þar fyrir utan var tiltekinn dómur frá Frakklandi sem fór gífurlegur tími í að vinna þar sem málin komu hingað með frekar litlum eða jafnvel röngum upplýsingum um viðkomandi. Með töluverðri vinnu náðist þó að finna alla einstaklinga og var 100% birtingarhlutfall í þessum málum.

Engar breytingar hafa enn orðið varðandi mál sem send eru til birtingar í Þýskalandi. Þangað voru einungis send sjö mál til birtingar á árinu 2018 og komu þau öll óbirt til baka. Enn hefur ekki orðið árangur í viðræðum á milli stjórnvalda Íslands og Þýskalands hvað þetta varðar.

Vel gekk að birta bæði erlendis og innanlands og heppnuðust birtingar í vel yfir 85% tilfella. Aftur á móti hafa svokallaðar lögheimilisbirtingar hjá stefnuvottum aukist til muna. Það reynist sífellt erfiðara að finna marga erlenda ríkisborgara, sem virðast oft skrá sig til heimilis á heimilisfang sem þeir svo búa ekki á. Einnig hefur það aukist að Íslendingar skrái sig „óstaðsettir í hús“ í Þjóðskrá sem hefur gert stefnuvottum erfiðara um vik með að finna viðkomandi.